

*Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi*

*13. október 2014*

*Ágætu foreldrar/forráðamenn.*

Kærar þakkir til ykkar allra sem lögðu lið við undirbúning og framkvæmd Rakelarhátíðarinnar síðastliðinn sunnudag. Við erum stolt af því að halda á lofti minningu Rakelar með þessum hætti en nemendur fá jafnframt frábært tækifæri til að koma fram og gleðja áheyrendur sem þau sannarlega gerðu. Skólinn nýtur líka verulega góðs af úthlutunum úr sjóðnum og við þökkum aðstandendum sjóðsins kærlega fyrir frábæran stuðning við nemendur skólans, sem um leið styrkir samfélagið okkar allt.

### ***Vinadagur***

Næstkomandi miðvikudag 15. október er sameiginlegur vinadagur haldinn í öllum skólum í Skgafirði í þriðja sinn. Nemendur koma saman í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Þar verður sameiginleg stund með söng og gleði en að því loknu fer hver árgangur fyrir sig í stofur í Árskóla þar sem áfram verður markmiðið að eiga skemmtilega stund saman. Við fáum hádegisverð í Árskóla en eftir hádegi förum við og heimsækjum fyrirtæki á Króknum. Að þessu sinni verður tekið á móti okkur í Verinu þar sem Fiskiðjan, Matís og vísindagarðar Hólaskóla eru m.a. til húsa. Reiknað er með dagskrá til rúmlega 14:30 en þá verður heimkoma á Hofsós á svipuðum tíma og skólalok eru vanalega.

Nemendur 8. – 10. bekkjar sem búa í Fljótum og á Hólasvæðinu koma ekki á Hofsós, heldur verða samferða yngri nemendum á þeim starfsstöðum. Nemendur á Hólasvæðinu frá morgunmat í skólanum en á Sólgröðum verður ekki komið við í skólanum og mælumst við því til að staðgóður morgunmatur verði snæddur heima áður en lagt er af stað. Nemendur á Hofsósi mæta á sama tíma og vanalega í skólann, morgunmatur verður um kl. 9:10 en lagt af stað 9:20. Athugið að félagsmiðstöð fellur niður þennan dag hjá nemendum 7. – 10. bekkjar.

### ***Vetrarfrí***

Vetrarfrí verður í skólanum fimmtudag 16. og föstudag 17. október. Vetrarfrí er á sama tíma í öllum grunnskólum í Skagafirði og einnig í tónlistarskólanum. Nemendur og allir starfsmenn skólanna verða þá í frí.

### ***Dans og nýsköpunarvika***

Kennsla hefst eftir vetrarfrí á þemaviku mánudag 20. október. Þá verður danskennsla og nýsköpunarþema fyrir hádegi alla vikuna. Á föstudeginum er foreldrum boðið á sýningu með afrakstri nýsköpunarvinnunnar eins og undanfarin ár. Opið hús verður í Grunnskólanum á Hofsósi þann föstudag milli kl. 10:30 – 12:30. Allir nemendur Grunnskólans austan Vatna verða þessa viku saman á Hofsósi og taka þátt í þemanu. Sameiginleg dagskrá verður frá skólabyrjun og fram að hádegi en eftir hádegi verður kennt samkvæmt stundaskrá á hverri starfsstöð fyrir sig. Hópaskipting verður þá þannig að 1. og 2. bekkur verða saman 3. og 4. bekkur, 5. og 6. bekkur, 7. og 8. bekkur og svo 9. og 10. bekkur. Með þessu móti minnkum við aldursbilið í danskennsluhópunum jafnframt því að nemendur allra kennslustaða hittast og blanda geði. Hver hópur fær einn danskennslutíma á dag eða samtals fimm tíma. Seinni hluti 10 tíma dansnámskeiðs verður svo á vorönn.

Tímar í Tónlistarskólanum halda sér þessa viku en kennslan verður þá öll á Hofsósi.

Bestu kveðjur,  
**Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi**